

- 5.3 Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.
- 5.4 Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 776,00
- 5.5 Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald . . . . . kr. 1 540,00
- 5.6 Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald . . . . . kr. 1 540,00 fyrir, að settur sé straumur á að nýju.
- 5.7 Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.
- 5.8 Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun, dælingu hitaveitna og viðhaldsgjaldi götulýsingar.
- 5.9 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.
- 5.10 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. október 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 91, 6. mars 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. september 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Hitaveitu Reykjahlíðar.**

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

## 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnsheimils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður heimilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling heimils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

- |  |               |
|--|---------------|
| a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús . . . . .        | kr. 13 551,00 |
| b) Vatnsgjald á ári pr.m <sup>3</sup> húss . . . . . | kr. 58,64     |
- Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

## 5. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400–2000 m<sup>3</sup>:

Fyrir 400 m <sup>3</sup> . . . . .	kr. 193 546,00
og á hvern rúmmetra þar yfir . . . . .	kr. 167,21
Hús stærri en 2000 m <sup>3</sup> : . . . . .	kr. 461 829,00
og á hvern rúmmetra þar yfir . . . . .	kr. 133,90

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 12 239,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 913,00 kr. í hvert skipti.

## 6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 67, 28. janúar 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1988.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*